



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
til heiðurs
forseta Eistlands
Toomas Hendrik Ilves
og frú Evelin Ilves
10. júní 2010**

Heiðraði forseti Eistlands
Toomas Hendrik Ilves og
frú Evelin Ilves
Virðulegir gestir

Á fögru sumarkvöldi þegar birta næturinnar er lík ljósi dagsins, bæði hér og á heimaslóðum yðar, virðulegi forseti, fögnum við Íslendingar góðum vinum.

Nýliðinn tími hefur á margan hátt verið þjóðum okkar erfiður, prófsteinn á þolgæði, vilja til að læra af erfiðri reynslu en skapar um leið tækifæri til að leggja traustari og heilbrigðari grundvöll að farsælli þróun.

Vinátta þjóða okkar er ofin úr samstöðunni sem birtist svo sterkt fyrir um tuttugu árum þegar Eistar voru að slíta fjötra áþjánar, ógna sem drápu í dróma lýðræði, frelsi til athafna og orða. Þá voru Íslendingar einhuga um að rétta hjálparhönd, viðurkenna rétt þjóðanna þriggja við Eystrasalt til sjálfstæðis, þátttöku í samfélagi ríkja heims.

Samstaða smárra ríkja, sess þeirra í Evrópu hinna nýju tíma og framlag til framfara í veröldinni, hefur ætíð síðan verið leiðarstef í samræðum okkar og gagnkvæmum tengslum.

Erfiðleikar í kjölfar fjármálakreppu hafa verið margslungin prófraun og því er fagnaðarefni að fyrsta opinbera heimsókn erlends þjóðhöfðingja til Íslands frá því þáttaskilin urðu haustið 2008 skuli einmitt vera heimsókn yðar; heimsókn sem gefur okkur tækifæri til að meta reynsluna, deila lærdómum og heilræðum.

Þér heimsóttuð fyrr í dag Höfða þar sem vinátta okkar var innsiglið með yfirlýsingunni í ágúst 1991 og fluttuð í Þjóðmenningarhúsinu fróðlegan fyrirlestur um stöðu þjóðar yðar í Evrópu og veröldinni, umfjöllun sem færði okkur Íslendingum efnivið til umhugsunar þegar við vegum og metum vegferðina sem framundan er.

Norðurlönd og Eystrasaltsríkin hafa borið gæfu til að efla samvinnu sína jafnt og þétt, mynda sveit átta ríkja í norðanverðri Evrópu sem náð hefur sameiginlegum árangri á mörgum sviðum. Samstaða innan ýmissa alþjóðastofnana svo sem Sameinuðu þjóðanna, Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, hefur skilað miklu og því vert að efla hana enn frekar.

Á sama hátt hefur aðildin að NATO – þótt Svíar og Finnar séu þar í annarri stöðu – og aðildin að Evrópusambandinu – þótt Noregur og Ísland séu þar tengd í gegnum Evrópska efnahagssvæðið en Alþingi Íslendinga þó samþykkt að fara í viðræður um fulla aðild – fært þessari sveit átta ríkja á norðurslóðum fjölmörg ný, sameiginleg verkefni, ábyrgð sem auðveldara er að axla vegna vináttu okkar og gagnkvæms trausts. Samningur Evrópusambandsins við Rússland, Ísland og Noreg um samvinnu á norðurslóðum er einnig vitnisburður um breytta tíma, tækifæri sem lagt geta grundvöll að markverðum árangri.

Glíman við loftslagsbreytingar er nú orðin viðfangsefni allra þjóða en rannsóknir sýna að þær gerast mun hraðari hér á norðurslóðum en víðast annars staðar. Við höfum líka nýlega verið á það minnt að náttúruöflin geta með virkni sinni á einum stað lamað um stundarsakir samgöngur í fjarlægum löndum. Allt er þetta áminning um að maðurinn er háður náttúrunni; ekki herra hennar.

Við munum á morgun kynna yður rannsóknir íslenskra vísindamanna á bráðnun jökla og hvernig við höfum breytt orkukerfi landsins, horfið frá olíu og kolum til hreinna orkugjafa, árangur sem hefur reynst afar gagnlegur í glímunni við fjárhagslega erfiðleika en jafnframt fordæmi um hvað hægt er að gera.

Þá fáid þér einnig tækifæri til að fræðast um viðbrögðin við eldgosinu í Eyjafjallajökli, framlag hjálparsveita sem skipaðar eru sjálfboðaliðum, og kynnast glímu bænda við öskufallið.

Náttúruöflin hafa um aldir haft djúpstæð áhrif á sögu okkar Íslendinga, menningu, bókmenntir og ljóðagerð. Gleðin yfir birtu sumarsins og grænum skógum veitti þjóð yðar líka kraft til að klæða sjálfsvitund sína í búning söngs og tóna, varðveita ljós frelsisins í hjörtum fólksins.

Fáir höfðu trú á því þegar sjálfstæðishreyfingar við Eystrasalt skoruðu heimsveldið á hólmi að á tveimur áratugum tækist að festa frelsi þeirra í sessi, öðlast aðild að bandalögum frjálsra ríkja og verða virkir þátttakendur í sköpun nýrrar Evrópu.

Sá árangur er ótvírætt meðal kraftaverka samtímans á vettvangi alþjóðamála, og sönnun þess hverju máttur lýðræðisins getur komið til leiðar.

Það hefur verið okkur Íslendingum gleðiefni að eiga vináttu Eista á slíkum tímum og treysta um leið samvinnu okkar á svo mörgum sviðum.

Í þeim anda fögnum við yður hér í kvöld og ég bið gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs hinum tignu gestum Toomas Hendrik Ilves forseta og frú Evelin Ilves og til heilla vináttu þjóða okkar.